

Mál þetta var tekið fyrir á dómþingi 14. mars 1985 til munnlegs málflutnings, og krafðist þá áfrýjandi þess, að málið yrði fellt niður.

Stefndi, Jón Skaftason, skiptaráðandi í Reykjavík, f.h. þrotabús Jakobs Jakobssonar samþykkti niðurfellingu málsins, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu réttargæslustefnda voru engar athugasemdir né kröfur gerðar.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður. Stefndi hefur látið sækja dómþing fyrir Hæstarétti sex sinnum. Er rétt, að áfrýjandi greiði honum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 6.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, þrotabú Vörðufells h/f, greiði stefnda, Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík, f.h. þrotabús Jakobs Jakobssonar 6.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. mars 1985.

Nr. 63/1984. **Bæjarútgerð Reykjavíkur**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Þorsteini Gíslasyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Kaupgjald. Sjómannalög. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl 1984. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með lögum nr. 49/1980 var gerð breyting á 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Eftir breytinguna er upphaf 3. málsgreinar þessarar lagagreinar svohljóðandi: „Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum ...“ Þessi orð gilda um stefnda, Þorstein Gíslason, og ber að leggja þau til grundvallar og staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnda, Þorsteini Gíslasyni, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. febrúar 1984, höfðaði Þorsteinn Gíslason, nnr. 9737-6085, Æsufelli 2, Reykjavík, gegn Bæjarútgerð Reykjavíkur, nnr. 1489-6600, Hafnarhúsinu, Reykjavík, með stefnu, birtri 6. október 1983.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 33.476,71 með 42% ársvöxtum frá 1. maí 1983 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. Þá krefst stefnandi sjóveðréttar í togaranum b/v Bjarna Benediktssyni, RE 210, samkvæmt 216. gr. laga nr. 66/1963 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða honum málskostnað samkvæmt

gjaldskrá L.M.F.Í. Stefndi gerir enn fremur þá kröfu, að tapi hann málinu, verði málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi var loftskeytamaður á togaranum Bjarna Benediktssyni, RE 210, sem stefndi á og gerir út. Hinn 7. febrúar 1983 varð stefnandi fyrir því slysi að detta og handleggsbrotna, er hann var á leið heim frá vinnu. Daginn eftir leitaði hann læknis, sem úrskurðaði hann óvinnufæran, og var stefnandi frá vinnu fram í maímánuð. Ekki er ágreiningur í málinu um óvinnufærni stefnanda.

Á þeim tíma, er stefnandi var frá vinnu vegna slyssins, greiddi stefndi honum kaup samkvæmt 10. gr., sbr. 7. gr. kjarasamnings á milli Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, sem í gildi var á þessum tíma, en hann mun hafa verið undirritaður af samningsaðiljum 25. febrúar 1981. Greiðslurnar eru miðaðar við ákveðna fjárhæð á dag, og hefur afli skips ekki áhrif á hann.

Togarinn Bjarni Benediktsson var í slipp frá 8. til 15. febrúar, og telur stefnandi, að sér hafi réttilega verið greitt dagvinnukaup fyrir þann tíma. Hinn 15. febrúar hélt skipið á veiðar, og var þá loftskeytamaður ráðinn í stað stefnanda og síðar annar í hans stað. Skipið hélt áfram veiðum, og hinn 29. mars fór það í veiðiferð, sem lauk 12. apríl. Stefndi miðar kaupkröfur sínar í málinu við tveggja mánaða tímabil frá 8. febrúar að telja og reyndar aðeins lengra, eða til 12. apríl, en fyrr kveðst hann ekki hafa getað komið til starfa á skipinu, þótt hann hefði verið orðinn vinnufær, þar sem veiðiferð skipsins, sem næst að framan er getið, hafi ekki lokið fyrr en þann dag.

Stefnandi fékk greiddar kr. 46.805,28 í kaup á tímabilinu frá 8. febrúar til 12. apríl 1983, en hann telur sig eiga að fá greiddar kr. 80.281,99 og miðar þá við það kaup, er staðgenglar hans fengu greitt á sama tímabili. Hann telur sig því eiga inni kr. 33.476,71 í vangaldið kaup hjá stefnda. Þessum útreikningum mótmælir stefndi ekki tölulega. Hins vegar mótmælir hann greiðsluskyldu. Stefndi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, einkum 3. mgr., sbr. 5. mgr., eins og henni var breytt með lögum nr. 49/1980, eigi hann einskis í að missa af launum sínum fyrstu tvo mánuðina eftir slysdag í hverju sem þau séu greidd. Breytingin með lögum nr. 49/1980 hafi verið í því fólgin, að ákveðið hafi verið, að sjómenn skyldu einskis missa í af launum sínum í hverju sem þau væru greidd í veikinda- og sjúkdómstilfellum, en áður hafi aðeins verið tekið fram, að þeir ættu rétt á kaupi, sem hafi getað þýtt fleira en staðgengilslaun. Til viðbótar hafi verið ákveðið með breytingarlögunum, að sjómenn ættu rétt á að þessum tveim mánuðum liðnum að fá greitt fast

kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í ákveðinn tíma eftir því hve lengi þeir hefðu unnið hjá sama útgerðarmanni eða verið á sama skipi. Breytingin hafi því haft í för með sér bætt kjör sjómanna að þessu leyti. Kjarasamningur sá, sem stefnanda hafi verið greitt laun samkvæmt, kveði á um lakari kjör í veikinda- og slysatilfellum en sjómannalögin og beri því stefnanda kaup samkvæmt lögunum, sbr. 93. gr. þeirra og 1. gr. laga nr. 55/1980.

Samkvæmt framansögðu eigi að miða kaup stefnanda á tímabilinu frá 8. febrúar til 12. apríl við það kaup, sem staðgenglar hans hafi fengið greitt, en það kaup hefði stefnandi sjálfur fengið, hefði hann ekki slasast.

Samkvæmt frásögn stefnda í greinargerð hans eru samningar um kaup á fiskiskipum í aðalatriðum með tvennum hætti. Á fiskiskipum öðrum en togurum, sem eru 500 rúmlestir eða stærri, er annaðhvort greiddur aflahlutur eða kauptrygging, ef ekki fiskast fyrir hlut. Á togurum 500 rúmlestir og stærri er greitt bæði fast kaup og svokölluð premía, sem stefndi segir vera nokkurs konar sambland af hlutaskiptum og kauptryggingu. Er premía þessi kölluð aflaverðlaun í kjarasamningi.

Stefndi segir, að allt frá árinu 1950 og jafnvel frá fyrri tíma hafi yfirmenn á stóru fiskiskipunum samið um, að greidd skyldi ákveðin fjárhæð á dag í veikindaforföllum. Ástæða þess, að yfirmennirnir hafi samið um þetta fyrirkomulag í stað að fá sömu fjárhæð greidda og staðgenglar þeirra, hafi verið sú, að jafnaðarlega hafi þetta fyrirkomulag verið þeim hagkvæmara, þar sem dagpeningagreiðslurnar hafi oftar en ekki verið hærri heldur en fast kaup að viðbættum aflaverðlaunum, einkum ef afli hafi verið lítill eða skipinu ekki haldið út til veiða.

Stefndi bendir á, að hér sé um meðalbótareglu að ræða í veikinda- og slysatilvikum samkvæmt kjarasamningnum og eigi hún við í öllum tilvikum, hvort heldur vel eða illa fiskist, og yfirmenn geti ekki valið á milli hennar og staðgengilslauna eftir því, hvort fyrirkomulagið færi þeim meira í hönd í hvert skipti. Þessir samningar brjóti ekki í bága við 18. gr. laga nr. 67/1963, eins og henni hafi verið breytt með lögum nr. 49/1980. Frá því að sjómannalög nr. 41/1930 hafi verið sett, hafi verið gert ráð fyrir því, að fiskimenn fengju staðgengilslaun í forföllum, og hafi lög nr. 49/1980 engu breytt um það fyrirkomulag, sem í gildi hafi verið fyrir tíð þeirra laga hvað þetta atriði snerti. Stefnandi verði því að setta sig við það kaup, sem kjarasamningar kveði á um. Það kaup hafi honum verið greitt og beri því að sýkna stefnda.

Niðurstaða.

Stefnandi varð fyrir slysi 7. febrúar 1983, en þá var hann loftskýtamaður á togara stefnda, Bjarna Benediktssyni, RE 210. Kröfur stefnanda

eru þær, að hann fái greidd sömu laun frá stefnda og staðgenglar hans fengu á fyrstu tveim mánuðunum eftir að hann varð fyrir slysinu. Ekki er ágreiningur á milli aðilja um útreikning stefnanda á kröfunni.

Í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 67/1963, eins og henni var breytt með lögum nr. 49/1980, er skýrt ákvæði um, að skipverji, sem verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, á meðan á ráðningatíma hans stendur, skuli eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af þessum sökum, þó eigi lengur en í tvo mánuði. Þetta ákvæði verður að skilja svo, að átt sé við, að skipverja skuli greitt það kaup, sem hann hefði fengið, ef slys eða veikindi hefðu ekki borið að höndum, fari hann fram á það.

Líta verður svo á með hliðsjón af 93. gr. laga nr. 67/1963, að framangreint lagaákvæði eigi við um lögskipti aðilja málsins og gangi framur 10. gr., sbr. 7. gr. kjarasamnings Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda umstefndar kröfur, þó þannig að 35% ársvextir dæmast af höfuðstól kröfu frá 21. september 1983 til 6. október s.á.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Þorsteini Gíslasyni, kr. 33.476,71 með 42% ársvöxtum frá 1. maí 1983 til 21. september s.á., með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 6. okt. s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 13.000,00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Bjarna Benediktssyni RE 210 fyrir fjárhæðum þessum.